

Þvi dæmist rétt vera:

Málinu vísast frá yfirdóminum.

Mánudaginn 30. október 1916.

Nr. 15/1916.

Páll Stefánsson

gegn

Boga Brynjólfssyni og Sturlu Jónssyni.

D ó m u r :

Hinn 12. nóvember 1915 innleysti stefndi, Bogi Brynjólfsson yfirréttarmálaflutningsmaður, í Landsbankanum 2100 kr. vixil útgefinn 19. febr. s. á. af Sturlu Jónssyni kaupmanni hér í bænum og fekk hann þá jafnframt hjá bankanum framselt veðskuldabrjef útgefið 11. marz 1912 af Oddi Oddssyni gullsmið á Eyrarbakka til Jóhanns Jóhannessonar fyrir 5731 kr., trygt með öðrum veðrétti í húseigninni nr. 56 við Laugaveg hér í hænum, en veðskuldabréf þetta hafði verið sett bankanum að handveði til tryggingar ofan nefndum vixli. Eftir að stefndi var orðinn eigandi þessa veðbréfs lét hann hinn 11. jan. 1916 gera fjárnám í hinni veðsettu eign nr. 56 við Laugaveg fyrir kr. 2129.05 af veðskuldinni svo og kostnaði við fjárnámið; krafðist stefndi síðan að húseignin væri seld til lúkningar skuldinni, en við hið þriðja og síðasta uppboð á húseigninni mótmælti áfrýjandi Páll Stefánsson uppboðinu sem ólöglegu, en með úrskurði uppboðshaldara, uppkveðnum í uppboðsrétti Reykjavíkur 3. marz þ. á., var ákveðið að

uppboðinu skyldi haldið áfram, og var húseignin því næst seld sama dag.

Umgetnu fjárnámi og úrskurði uppboðsréttarins hefir áfrýjandinn Páll Stefánsson, eigandi húseignarinnar nr. 56 við Laugaveg, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 8. marz þ. á. Hefir hann stefnt fjárnáms- og uppboðsbeiðanda Boga Brynjólfssyni svö og Sturlu kaupm. Jónssyni. og krefst þess hér fyrir réttinum að fjárnámið og nefndur úrskurður uppboðshaldara verði úr gildi felt og nauðungarsalan dæmd ómerk svo og að stefndu Bogi Brynjólfsson og Sturla Jónsson verði in solidum dæmdir til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu.

Stefndi, Bogi Brynjólfsson, sem hefir mætt fyrir sig og Sturlu Jónsson, krefst þess hins vegar að hin áfrýjaða fjárnámagerð og úrskurður uppboðshaldara, ásamt nauðungaruppboðinu verði staðfest og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum og Sturlu Jónssyni málskostnað fyrir yfirdómi, eftir mati yfirdómsins. Loks krefst stefndi að áfrýjandi verði sektaður fyrir óþarfa málsýfingu.

Tildrög máls þessa eru þau, að Þorvarður Þorvarðarson prentsmiðjustjóri seldi kaupmanni Sturlu Jónssyni húseignina nr. 56 við Laugaveg með afsalsbréfi dags. 22. apríl 1914. Er meðal annars tekið fram í afsalsbréfinu, að kaupandi hafi tekið að sér að greiða víxilskuld þá, að upphæð 2500 kr. — upphaflega 3200 kr. — er hvílir á eigninni með 2. veðrétti til Landsbankans. Bréf þetta var þinglesið á bæjarþingi Reykjavíkur 5. nóv. 1914 og var þá gerð athugasemd á það, um að á hinni seldu eign hvíldi.

5731 kr. til Jóhanns Jóhannessonar með 2. veðrétti samkvæmt veðskuldabréfi dags. 11. marz 1912.

Því næst seldi Sturla Jónsson Guðmundi nokkrum Einarssyni nefnda húseign með afsali dags. 1. marz 1915, en með því víxilskuldin var þá komin ofan í 2100 kr., er, að því er 2. veðréttarskuldina snertir, ákveðið í afsalsbréfinu að kaupandi taki að sér veðskuld þá — víxilskuld — nú að upphæð kr. 2100.00 — upphaflega 3300 kr. (en það er ritvilla í stað 3200 kr.), er hvílir á eigninni með 2. veðrétti til Landsbankans.

Nefndur Guðmundur Einarsson seldi eignina aftur áfrýjanda Páli Stefánssyni með afsalsbréfi dags. 11. maí 1915, og eru þar sömu ákvæði um 2. veðréttarskuldina og í afsalsbréfi Sturlu.

Þá er Þorvarður Þorvarðarson átti hina umræddu húseign nr. 56 við Laugaveg, fékk hann hinn 16. apríl 1912 3200 kr. víxillán í Landsbankanum og til tryggingar víxlinum setti hann bankanum að handveði skuldabréf, útgefið 11. marz 1912, af Oddi Oddssyni gullsmið á Eyrarbakka, til Jóhanns Jóhannessonar, að upphæð 5731 kr., trygt með öðrum veðrétti í umræddri húseign, en veðbréf þetta hafði Þorvarður fengið framselt til eignar frá Jóhanni hinn 15. apríl 1912. Þá er Sturla keypti nefnda húseign og tók að sér víxilskuldina, fékk hann einnig framsal á téðu skuldabréfi Odds hinn 19. desember 1914, og hélst veðsetningin til Landsbankans fyrir víxilskuldinni óbreytt, þannig, að víxilskuldin var áfram trygð með handveði í nefndu 2. veðréttarskuldabréfi 11. marz 1912.

Stefndi, Bogi Brynjólfsson, skýrir nú svo frá, að Guðmundur Einarsson hafi átt samkvæmt ákvæðum afsalsbréfsins frá Sturlu 1. marz 1915 að taka að sér að greiða víxilskuldina til Landsbankans, og hefði hann þá að sjálfsgöðu fengið framselt skuldabréfið frá 11. marz 1912, en þetta hafi Guðmundur vanefnt, og sama sé að segja um síðari eigendur húseignarinnar. Hafi þá eigi verið um annað að gera en að innleysa víxilinn, og það gerði stefndi 12. nóvember 1915, en þó voru fallnir á hann vextir frá gjalddaga víxilsins 19. ágúst kr. 29.05, er stefndi einnig varð að greiða. Jafnframt fekk hann hjá bankanum veðskuldabréfið 11. marz 1912 framselt til eignar, og fekk stefndi síðan fjárnám í hinni veðsettu húseign, svo sem áður hefir verið sagt, fyrir upphæð víxilsins kr. 2100.00, að viðbættum áðurgreindum vöxtum, kr. 29.05, eða samtals kr. 2129.05.

Áfrýjandi, Páll Stefánsson, heldur því fram, að veðskuldabréfið 11. marz 1912 hafi verið fallið úr gildi áður en stefndi Bogi Brynjólfsson fekk það framselt hjá Landsbankanum, og þetta hafi stefnda verið fullkunnugt um. Það hafi því eigi verið lög-mætur grundvöllur fyrir fjárnáminu 11. janúar 1916, og það sé því gersamlega ólöglegt. Þetta skýrir áfrýjandi á þann veg, að nokkru eftir að Þorvarður Þorvarðarson eignaðist veðskuldabréfið hafi hann einnig orðið eigandi að hinni veðsettu húseign, en við það hafi veðskuldabréfið að sjálfsgöðu fallið úr gildi, með því að enginn geti skuldað sjálfum sér. Við þetta komi það og heim, að þessarar veðskuldar sé hvergi getið í síðari afsölum fyrir húsinu, heldur

sé þar aðeins talað um víxilskuld, er hvíli á húseigninni með öðrum veðrétti. Í afsalsbréfi Sturlu til Guðmundar Einarssonar sé þannig eigi minst á að skuldabréfið 11. marz 1912 sé til, en í því felist það, að Sturla hafi tekið ábyrgð á því að það sé ekki til.

Þessar aðfinslur áfrýjanda verða þó ekki teknar til greina.

Svo sem þegar hefir verið tekið fram, setti Þorvarður Þorvarðarson Landsbankanum að handveði umrætt veðskuldabréf 11. marz 1912 til tryggingar 3200 kr. víxilláni, er hann fekk í bankanum 16. apríl 1912, og þessi veðsetning stóð óhögguð þar til Bogi Brynjólfsson innleysti 2100 kr. víxilinn 12. nóvember 1915, og fekk veðskuldabréfið framselt af bankanum til eignar. Þessi ráðstöfun á bréfinu var nægileg til þess að halda því í fullu gildi, og þar sem Bogi hafði fengið það framselt til eignar, var það nægilegur grndvöllur fyrir hinu áfrýjaða fjárnámi. Í annan stað verður eigi álitíð að Sturla hafi tekið ábyrgð á því að veðskuldabréfið 11. marz 1912 væri eigi til, þótt það væri eigi beinlinis nefnt í afsalsbréfinu til Guðmundar Einarssonar, heldur aðeins ábyrgð á því, að ekki hvíldi hærri veðskuld á öðrum veðrétti í húseigninni en til var tekið í afsalsbréfinu, 2100 kr., og þar sem stefndur Bogi Brynjólfsson hefir eigi gert fjárnám í hinni umræddu húseign fyrir hærri upphæð að viðbættum vöxtum, verður eigi séð að réttur áfrýjanda hafi að neinu leyti verið fyrir borð borinn.

Hið ónákvæma orðalag í afsalsbréfi Sturlu til

Guðmundar Einarssonar, þar sem talað er um að á 2. veðrétti í hinni seldu eign hvíli 2100 kr. vixilskuld, í stað þess að taka það fram að víxilskuldin sé trygð með handveði í veðskuldabréfinu 11. marz 1912, getur enga þýðingu haft í þessu máli, þar sem álitá verður að áfrýjanda hafi verið innanhandar að fá nægilegar upplýsingar um 2. veðréttarskuldina, með því að snúa sér til Landsbankans eða Sturlu Jónssonar.

Samkvæmt framansögðu ber því eftir kröfu hinna stefndu að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgjörð og nauðungaruppboðið. Eftir atvikum virðist eigi næg ástæða til að sekta áfrýjanda fyrir óþarfa þrætu, en eftir málsvöxtum þykir rétt að hann greiði stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr. til hvors þeirra.

Í skjali, er umboðsmaður áfrýjanda, yfirréttar-málaflutningsmaður Páll Jónsson, hefir lagt fram í uppboðsréttinum, viðhefir hann þau ummæli um Sturlu Jónsson, að hér sé um glæpsamlegt athæfi frá hans hálfu að ræða, og um stefnda Boga Brynjólfs-son segir málaflutningsmaðurinn að hann verði að teljast meðsekur um verknaðinn, þar sem hann visvitandi beiti röngu skjali til að sölsa undir sig eign áfrýjanda, og í sóknarskjali sínu hér fyrir réttinum endurtekur hann aðdróttun sína til Boga um að hann visvitandi beiti rangri kröfu til að ráðast á eign annars manns. Fyrir þennan ósæmilega rithátt verður hann að sæta sekt, er ákveðst 10 krónur til landssjóðs og 10 krónur til bæjarsjóðs Reykjavíkur.

## Því dæmist rétt vera:

Hinni áfrýjuðu fjárnámshjörð og nauðungaruppboði skal óraskað. Áfrýjandi Páll Stefáns-son greiði stefndu, Boga Brynjólfssyni og Sturlu Jónssyni, málskostnað fyrir yfirdómi, 30 kr. til hvors þeirra.

Yfirréttarmálaflutningsmaður Páll Jónsson greiði sekt til landssjóðs 10 kr. og til bæjarsjóðs Reykjavíkur 10 kr. Ídæmdur málskostnaður og sekt greiðist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 30. október 1916.

Nr. 16/1916:

Erlendur Erlendsson  
 gegn  
 Boga Brynjólfssyni  
 og Sturlu Jónssyni.

## Dómur:

Hinn 12. nóvember 1915 innleysti Bogi Brynjólfsson yfirréttarmálaflutningsmaður í Landsbankanum 2100 kr. vixil, útgefinn 19. febr. s. á. af Sturlu Jónssyni kaupmanni hér í bænum og fekk hann þá jafnframt hjá Landsbankanum framselt veðskulda-  
 bréf, útgefið 11. marz 1912, af Oddi Oddssyni gull-